



Frístundaheimili grunnskóla opna frá 9. ágúst 2021 fyrir börn fædd 2015

Ákveðið hefur verið að opna frístundaheimili grunnskólanna fyrir tilvonandi 1. bekkinga (börn fædd 2015) frá 9. ágúst til skólasetningar. Um leið verður ekki lengur í boði fyrir þann hóp að koma aftur inn á leikskólann sinn eftir að sumarleyfi lýkur. Markmiðin með þessari opnun eru m.a. að brúa bilið milli leik- og grunnskólagöngu nemenda, að aðlögun nýrra leikskólabarna geti farið fram fyrir en hefur verið og að aðlaga tilvonandi 1. bekkinga í grunnskólann sinn.

Farið var af stað með tilraunarverkefni í þremur skólum haustið 2020 og var almenn ánægja foreldra með framkvæmdina. Að fenginni reynslu þessa tilraunarverkefnis var ákveðið að bjóða upp á þessa þjónustu í öllum grunnskólum sveitarfélagsins og koma þannig til móts við þarfir fjölskyldna. Einnig til að jafna stöðu íbúa sveitarfélagsins meðal annars m.t.t. baklands sem er hluti af stefnu Reykjanesbæjar í *krafti fjölbreytileikans* og verkefnisins *Allir með!*

Skráning er hafin og fer fram í gegnum www.mittreykjan.es og er skráning fyrir þetta tímabil ótengd skráningu fyrir frístundaheimilin eftir að skólastarf hefst. Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu búnir að skrá börnin sín fyrir 26. mars.

Opnunartíminn verður frá 8:00 – 15:00. Börnin fá morgunhressingu, hádegismat og síðdegisnesti og því ekki þörf á því að senda þau með nesti.

Boðið verður upp á að skrá börnin annað hvort allan daginn eða fyrir hádegi.

Frístundaheimili Háaleitis-, Heiðar-, Holta-, Myllubakka- og Njarðvíkurskóla

Gjaldskrá fyrir tímabilið 9. – 20. ágúst 2021

Allur dagurinn frá 8:00 – 15:00	18.165 kr
- morgunhressing, hádegismatur og síðdegisnesti innifalið	
Fyrir hádegi frá 8:00 – 12:00	15.800 kr
- morgunhressing og hádegismatur innifalið	

Fjölskylduafsláttur (gildir eingöngu af tímagjaldi) gildir milli skólastiga, þ.e. dagforeldra, leikskóla og frístundaskóla.

Frístundaheimili Akur- og Stapaskóla

Gjaldskrá fyrir tímabilið 9. – 23. ágúst 2021

Allur dagurinn frá 8:00 – 15:00	20.036 kr
- morgunhressing, hádegismatur og síðdegisnesti innifalið	
Fyrir hádegi frá 8:00 – 12:00	17.380 kr
- morgunhressing og hádegismatur innifalið	

Fjölskylduafsláttur (gildir eingöngu af tímagjaldi) gildir milli skólastiga, þ.e. dagforeldra, leikskóla og frístundaskóla.